

en Engihlíðarhreppur þvert á móti hefir unað við úrskurð sýslumannsins um, að áminnt lán verði ekki álitid sveitarstyrkur, virðist ekki nægileg ástæða til að úrskurða nefndan ágreining að sinni. Að öðru leyti leiðir það þegar af því, að Hjörtur hafði ekki að því er sjæð verður dvalið 10 ár í Engihlíðarhreppi eða annarsstaðar fyrir utan fœðingarhrepp sinn, þegar áminntur sýslumannsúrskurður var kveðinn upp, að hann þá átti framfærslu í Vindhœlishreppi. **101**
20. júní.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um vegabætur á fjallveginum yfir Bröttubrekku.* — Hjer með læt jeg yður þjónustusamlega tjáð, herra amtdaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutaðeigendum og frekari ráðstafanar, að jeg samkvæmt tillögum yðar í þóknanlegu brjefi 4. þ. m. að beiðni sýslunefndarinnar í Dalasýslu hafi veitt 480 kr. af fje því, sem til er tekið í 10. gr. C 6. í fjárlögumum, til þess nú í sumar að gjöra við hina lókustu kafla af fjallveginum yfir Bröttubrekku. **102**
20. júní.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um bústað hjeraðslæknis.*— Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtm., dags 29. f. m., hefi jeg meðtekið álit sýslunefndanna í Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu um bústað hjeraðslæknisins í 13. læknishjeraði, og læt nú svo fyrirmælt samkvæmt lögum um aðra skipun læknahjeraðanna á Íslandi, dags. 15. október 1875, 2. gr., að nefndur hjeraðslæknir skuli hafa aðsetu í verzlunarstaðnum Vopnafirði. **103**
20. júní.

— *Brief landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um umsjónarmennskuna við hinn lærða skóla.* — Í brjefi 25. f. m. hefir ráðgjafinn samþykkt, að umsjónarmennskan og dyravarðarstörfin við hinn lærða skóla skuli um næsta skóla-ár, frá 15. septbr. þ. á., falin á hendur umsjónarmanninum, sem verið hefir, Jóni Árnasyni, með þeim kjörum, að hann fái þóknanir þær, er þar til eru ætlaðar í fjárlögumum, 13. gr. B. III. b 1 og 2, 600 kr. um árið handa umsjónarmanni og 760 kr. um árið handa dyraverði, og að hann halði hýbýlum þeim, er umsjónarmaður hefir haft í skólanum, að undanförmu, þó að fráskildu herberginu við hliðina á dyravarðarklefanum, með því að búa á til úr því bekk til gagnfrœðakennslu, er hún verður upptekin í skólanum. **104**
20. júní.

— *Brief landshöfðingja til landsyfrrjettarins um prentun dómasafns* 1877 og 1878. — Hjer með læt jeg ekki undanfalla að tilkynna hinum konunglega landsyfrrjetti til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari prentara Þórðarsyni, að jeg samkvæmt tillögum hins heiðraða rjettar í þóknanlegu brjefi 15. marz þ. á. og tilboði frá nefndum Einari Þórðarsyni hefi ákveðið, að hann skuli fá til prentunar á sinn kostnað dómasafn landsyfrrjettarins um árin 1877 og 1878, ásamt hæstarjettardómum í íslenzkum málum þessi ár, með þeim kostum, að hann fái 45 kr. styrk úr landssjóði fyrir hvorn árganginn, að landsyfrrjetturinn annist undirbúning safnsins til prentunar og prófarkalestur honum kostnaðarlaust, að ritið sje eigi selt dýrara innhept í kápu en 12 aura örkin í sama broti og með sömu leturmergd og í þeim tveim árgöngum, er þegar **105**
20. júní.